

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

Deiliskipulag Valsárhverfis.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 9. ágúst 2017 deiliskipulag vegna Valsárhverfis, nýs íbúðarhverfis norðan við núverandi byggð við Svalbarðseyri. Skipulagssvæðið er um 17,9 ha og nær yfir íbúðarsvæði ÍB4 og verslunar- og þjónustusvæði V1 í gildandi aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps. Fyrstu tveir áfangarnir í uppbyggingu svæðisins eru íbúðarsvæði frá sjó og til austurs. Þriðji áfangi er svæði sem skilgreint er fyrir verslun og þjónustu efst og næst þjóðvegi, að hluta sem blönduð landnotkun með íbúðarbyggð. Í austri nær svæðið að helgunarsvæði þjóðvegjar, til suðurs að aðkomuvegi, ípróttasvæði og farvegi Valsár, til vesturs að Tungutjörn og til norðurs að landamerkjum. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Svalbarðseyri, 7. september 2017.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps,

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2017